

Ed.

436. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Aftan við fyrri tölulið í 25. gr. bætist:

Ráðherra skal setja, að fengnum tillögum veiðimálastjóra, reglur um það, hvaða veiðitæki megi nota til lax- eða silungsveiða, og skal í reglum þessum miða við þau veiðitæki, er líklegust þykja til þess, að fiskistofninn verði eigi upprættur. Í reglum þessum má ákveða fjölda veiðitækja, er notuð eru samtímis í veiðiá. Ennfremur má setja ákvæði um það, hversu langan tíma úr sólarhring megi samfleytt veiða í á, og má það vera mismunandi langur tími, eftir stærð veiðiár, eftir því hve auðvelt er að veiða og öðru því, sem við kann að eiga. Reglur þessar mega ekki brjóta í hág við friðunarákvæði laganna.